

## ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1554/2005/EB

2008/EES/45/41

frá 7. september 2005

um breytingu á ákvörðun ráðsins 2001/51/EB um að koma á fót áætlun í tengslum við rammaáttak Bandalagsins um jafnrétti kynjanna og ákvörðun nr. 848/2004/EB um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins til að styðja við bakið á samtökum sem starfa á sviði kynjajafnréttis í Evrópu (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

- 5) Ákvörðun 2001/51/EB byggir á 13. gr. sáttmálans. Á grundvelli breytinganna, sem teknar voru upp með Nice-sáttmálanum, telst 2. mgr. 13. gr. þó vera sérstakur lagagrundvöllur fyrir samþykkt hvetjandi ráðstafana Bandalagsins sem ætlað er að leggja lið í baráttunni gegn mismunun. Því þykir rétt að grundvalla breytinguna á ákvörðun 2001/51/EB á 2. mgr. 13. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 13. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (1),

Ákvörðun 2001/51/EB er breytt sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun 2001/51/EB (2) kom ráðið á fót áætlun, í tengslum við rammaáttak Bandalagsins um jafnrétti kynjanna til að glæða skilning á málefnum sem tengjast jafnrétti kynjanna, um að kynna og útbreiða gildi og starfsvenjur sem jafnrétti kynjanna er grundvallað á og auka hæfni þeirra sem hlutverki hafa að gegna til þess að stuðla með skilvirkum hætti að jafnrétti kynjanna.
- 2) Með ákvörðun nr. 848/2004/EB (3) komu Evrópuþingið og ráðið á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins um að styðja við bakið á samtökum sem starfa á sviði jafnréttis karla og kvenna í Evrópu til að styrkja starfsemi slíkra samtaka sem, með núverandi vinnuáætlun sinni eða sérstakri ráðstöfun, þjóna almennum evrópskum hagsmunum á sviði jafnréttis karla og kvenna eða vinna að markmiði sem er hluti stefnu Evrópusambandsins á þessu sviði.
- 3) Áætlunum lýkur báðum 31. desember 2005. Nauðsynlegt er að tryggja samfelldni í þeirri stefnu Bandalagsins að stuðla að jafnrétti kynjanna í ljósi markmiðanna sem er að finna í 13. gr. sáttmálans.
- 4) Nauðsynlegt er að framlengja áætlanirnar um eins árs aðlögunartímabil þar til ákvörðuð hefur verið ný rammaáætlun til margra ára um fjármögnun aðgerða á sviði atvinnu- og félagsmála á tímabilinu 2007-2013 með efnisþátt um jafnrétti kynjanna.

1. í 1. gr. komi dagsetningin „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“,

2. í stað 1. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:

„1. Viðmiðunarfjárhæð fyrir framkvæmd áætlunarinnar er 61,5 milljónir evra á tímabilinu 2001 til 2006.“

2. gr.

Ákvörðun 848/2004/EB er breytt sem hér segir:

1. í 3. mgr. 1. gr. komi dagsetningin „31. desember 2006“ í stað „31. desember 2005“,

2. Í stað 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi: „1. Fjárhagsrammi til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd skal vera 3,3 milljónir evra á tímabilinu 2004 til 2006.“

3. gr.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 38/2006 frá 10. mars 2006 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 1.6.2006, bls. 26.

(1) Álit Evrópuþingsins frá 26. maí 2005 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 12. júlí 2005.

(2) Stjtuð. EB L 17, 19.1.2001, bls. 22.

(3) Stjtuð. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 18. Ákvörðun leiðrétt í Stjtuð. ESB L 195, 2.6.2004, bls. 7.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. september 2005.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BORREL FONTELLES

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. CLARKE

*forseti.*

---